

Fundargerð 848. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2017, 24. mars 2017 kl. 08:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Útgarði á 13. hæð Grand hótels í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Gunnar Axel Axelsson, Ólafur Guðmundur Adolfsson í forföllum Jónínu Ernu Arnardóttur, Halla Sigríður Steinólfsdóttir, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Eiríkur Björn Björgvinsson og Gunnhildur Ingvarsdóttir boðuðu forföll.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Guðjón Bragason sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samkomulag ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál - 1702047SA

Lögð fram lokadrög að samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2018–2022, dags. 23 mars 2017.

Framkvæmdastjóri kynnti helstu atriði draganna. Einnig vísaði hann til minnisblaðs sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs, þar sem fram koma fyrirvarar við tilteknar forsendur í samkomulaginu, m.a. varðandi spá um launaþróun. Mikil umræða varð um málið og svöruðu formaður, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs spurningum stjórnarmanna. Meðal annars var áréttað að samkomulagið bindur ekki hendur einstakra sveitarfélaga og að áfram verður unnið að því að þróa og vakta forsendur þess. Samkomulagið undirstrikar hins vegar að ríkið og sveitarfélögin eru sammála um að vinna markvisst að því að ná sjálfbærni í fjármálum hins opinbera. Samkomulagið stuðlar jafnframt að auknum aga í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Ástæða þess að boðað er til aukafundar til að afgreiða málið er að frestur til að leggja fram þingmál er að renna út og lögbundið er að ef ekki næst samkomulag fyrir þann tíma gengur fjármálaáætlun til Alþingis án þess að samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga liggja til grundvallar.

Stjórnin heimilar að samkomulagið verði undirritað af hálfu sambandsins en samþykkir svohljóðandi bókun:

Samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2018–2022 er um margt mikilvægur áfangi. Fyrir liggur að mat fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins og sérfræðinga sambandsins í samráðsnefnd um efnahagsmál um forsendur heildarafkomu sveitarfélaga er í ákveðnum atriðum ólíkt. Þá vara sérfræðingar sambandsins við því að gæði gagna séu of rýr til að draga of miklar ályktanir á grundvelli þeirra.

Stjórn sambandsins áréttar mikilvægi þess að innleiðing laga um opinber fjármál feli ekki í sér óraunhæfar kröfur til sveitarfélaganna í landinu. Stjórnin minnir jafnframt á þann mikla árangur sem náðst hefur á grundvelli gildandi fjármálareglna sveitarfélaga skv. sveitarstjórnarlögum.

Tölur Hagstofu Íslands sýna að heildarafkoma sveitarfélaga hefur verið neikvæð nánast alla öldina. Neikvæð heildarafkoma sveitarfélaganna bendir til að þau séu vanfjármögnuð og að nauðsynlegt sé að endurskoða tekjustofna þeirra. Ef það er mat fjármála- og efnahagsráðuneytisins að mikil spenna í hagkerfinu kalli á aðhaldsaðgerðir þá ættu þær að koma fram í viðeigandi aðgerðum, svo sem með frestun á umfangsmiklum fjárfestingum opinberra fyrirtækja en þar er um að ræða margfaldar fjárfestingar sveitarfélaganna.

Fundi var slitið kl. 09:50.

Halldór Halldórsson

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Axel Axelsson

Ólafur G. Adolfsson

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Gunnar Einarsson

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari